

**Nd.**

**536. Átt**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Frá Landbúnaðarnefnd.

Nefndinni hefir verið skýrt svo frá, að í sumum kaupstöðum vorum væru fóðurbirgðir manna fyrir skepnur þeirra alla-jafna af skornum skamti að haustinu, og leiddi þetta til þess, að bæjarbúar yrðu að kaupa hey úr nærsveitunum, þegar fram á kæmi. Leiðir þetta að sjálfsögðu til þess, að bændur í nágrenni kaupstaða verða ver settir með fóðurbirgðir en ella, er þeir freistast til að selja hey sín að vetrinum.

Nefndin leit svo á, að rjettast væri því, að forðagæslulögin væru einnig látin ná til kaupstaðanna, til þess að koma í veg fyrir þetta, og vill því mæla með því, að frv. þetta sje samþykkt.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,  
formaður.

Guðm. Hannesson,  
ritari.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.

Jóhann Eyjólfsson.

Björn Hallsson.

Bjarni Jónsson,  
frá Vogu.